

**Sp. 581. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]**

um fullgildingu á samkomulagi um breyting á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samkomulag um breyting á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, er undirritað var í Kaupmannahöfn 11. mars 1974 og prentað er hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

**SAMKOMULAG UM BREYTINGU Á SAMSTARFSSAMNINGNUM  
FRÁ 23. MARS 1962 MILLI  
DANMERKUR, FINNLANDS, ÍSLANDS, NOREGS OG SVÍPBJÓÐAR.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,  
sem með samkomulaginu frá 13. febrúar 1971 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962,

sem telja ráðvænlegt að gera ákveðnar frekari breytingar á samningnum og auka við hann,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

**I.**

1. grein samstarfssamningsins orðist svo:

**Inngangsákvæði.**

**1. gr.**

Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn frekar samstarf ríkjanna á sviði réttarfars, menningarmála, félagsmála og efnahagsmála, svo og um samgöngur og umhverfisvernd.

**II.**

Á eftir núverandi 29. gr. komi ný fyrirsögn og þrjár nýjar greinar, er verða nr. 30—32, svo hljóðandi:

**Samstarf á sviði umhverfisverndar.**

**30. gr.**

Samningsaðilar skulu í innlendri löggjöf og við beiting hennar svo sem framast er unnt leggja umhverfisverndarhagsmuni annarra samningsaðila að jöfnu við hagsmuni síns eigin lands á því sviði.

**31. gr.**

Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa umhverfisverndarreglur sínar í því skyni að á verði komið sem mestu samræmi, að því er varðar viðmiðunarmörk og meginreglur um losun úrgangs, notkun umhverfismengandi eiturefna og aðra umhverfisröskun.

**32. gr.**

Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa ákvarðanir um náttúruverndar- og útivistarsvæði, svo og varðandi friðun og aðrar ráðstafanir til verndar jurtum og dýrum.

**III.**

Núverandi 30.—34. greinar verða nr. 33—37. Á eftir þessum greinum komi ný fyrirsögn og ný grein, er verður nr. 38, svo hljóðandi:

**Sérstakir samningar.**

**38. gr.**

Nánari ákvæði um samstarfið á þeim sviðum, sem hér voru talin, má setja í sérstökum samningum.

#### IV.

Núverandi 35.—38. greinar verða nr. 39—42. Á eftir þessum greinum komi ný grein, nr. 43, svo hljóðandi:

#### 43. gr.

Veita ber almenningi aðgang að upplýsingum um norræn samstarfsmálefni, svo sem framast er kostur.

#### V.

Núverandi 39.—55. greinar verða nr. 44—60.

Núverandi 56. grein verði nr. 61 og orðist svo:

#### 61. gr.

Í ráðherranefndinni eiga sæti fulltrúar úr ríkisstjórn hvers lands. Í undantekningartilvikum getur embættismaður, sem til þess hefur umboð, verið fulltrúi ríkisstjórnar á fundi ráðherranefndarinnar, þó verða hverju sinni fulltrúar þriggja ríkja hið fæsta að vera ráðherrar.

Hvert ríki tilnefnir ráðherra, er með aðstoð embættismanns skal annast samræmingu norrænna samstarfsmála.

Til aðstoðar ráðherranefndinni við störf hennar eru embættismannanefndir og skrifstofa ráðherranefndarinnar.

#### VI.

Núverandi 57.—65. greinar verða nr. 62—70.

#### VII.

Samkomulag þetta skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent utanríkisráðuneyti Finnlands til varðveislu.

Samkomulagið skal varðveitt í utanríkisráðuneyti Finnlands, og skal það ráðuneyti láta hverjum samningsaðila í té staðfest afrit.

Samkomulagið öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að fullgildingarskjöl allra samkomulagsaðila hafa borist.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, er til þess höfðu umboð, undirritað samkomulag þetta í Kaupmannahöfn hinn 11. mars 1974 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands.

Sigurður Bjarnason.

(sign.)

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Helsingforssamningurinn um norræna samvinnu var gerður árið 1962. Árið 1971 var gerð sú breyting á samningnum að grundvallarákvarðanirnar um starfsemi Norðurlandaráðs voru teknar inn í hann og norræna ráðherranefndin sett á stofn.

Hinn 11. mars, 1974 undirrituðu fulltrúar Norðurlanda aðra breytingu á samningnum, með fyrirvara um fullgildingu ríkisstjórna Norðurlandanna. Eins og skýrt kemur fram í þingsályktunartillögunni felur breytingin í sér fjögur meginatriði, en þau eru:

- 1) Ákvæði um samstarf Norðurlandanna á sviði umhverfismála. Er hér gert ráð fyrir að Norðurlöndin samræmi viðleitni sína í umhverfismálum og skipu-

lagningu útivistarsvæða, en sem kunnugt er hafa þessi málefni verið ofarlega á döfinni undanfarin ár.

- 2) Ákvæði um „sérstaka samninga“. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er sú að ekki var álitid hagkvæmt að taka inn í Helsingforssamninginn samninga sem gerðir hafa verið eða gerðir verða á hinum ýmsu sérsviðum. Mundi það hafa í för með sér stöðuga endurskoðun á Helsingforssamningnum. Var álitid að nægilegt sé að vísa til þessara samninga sem vísbendingar um framkvæmd Helsingforssamningsins.
- 3) Ákvæði um að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum um norræn samstarfsmálefni. Frá því í febrúarmánuði 1973 hefur verið starfandi norræn embættismannanefnd sem falið var að leggja fram tillögur um reglur er varða upplýsingaskyldu Norðurlandaráðs. Nefndin var skipuð eftir að nokkrar umræður höfðu farið fram milli stjórnarnefndar og ráðherranefndar Norðurlandaráðs.
- 4) Ákvæði um hverjir skuli sitja ráðherranefnd Norðurlandaráðs. Í breytingunni frá 1971 var gert ráð fyrir að í ráðherranefnd sæti einn ráðherra frá hverju Norðurlandanna með þeirri undantekningu að íslenski ráðherrann mætti tilnefna embættismann sem fulltrúa sinn, gæti hann ekki sjálfur setið fundi nefndarinnar. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að ráðherrar hinna Norðurlandanna geti einnig tilnefnt embættismenn í stað ráðherra, geta þeir ekki setið víska fundi, en þrjá Norðurlandaráðherra þarf til að nefndin sé starfhæf.

Samningurinn tekur gildi með ofangreindum, breytingum þrjátíu dögum eftir að fullgildingarskjöl allra landanna hafa verið afhent utanríkisráðuneyti Finnlands.